



Morgunblaðið, 11.07.2015, síðu 24
grein stærð: 371.33 sm2
grein hæð: 26.03 sm

Koma siðareglur í stað boða og banna?

FRÉTTASKÝRING

Ingvar Smári Birgisson
isb@mbl.is



Med aukinni hnattvæðingu verður með hverjum deginum erfðara að framfylgja boðum og bönnum. Eitt af þeim boðum er bann við áfengisauglýsingum. Þrátt fyrir bannið sjá fjölmargir Íslendingar áfengisauglýsingar daglega, til að mynda þegar þeir horfa á erlent sjónvarpsefni eða vafra um netið. Eins og fram kom í umfjöllun Morgunblaðsins fyrr í vikunni nýta íslenskir áfengisframleiðendur sér landamæraleysi netsins til að koma vörum sínum á framfæri, Foreldrasamtökum gegn áfengisauglýsingum til mikillar óánægju. Þau vilja að meiri orka verði sett í eftirlit, en aðrir líta til Evrópu, þar sem áfengislöggjöf er frjálfsari.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, er einn þeirra. Hann segir löggjöfina vera meingallaða og hafa verið það lengi. Hann telur bannið við áfengisauglýsingum ekki framkvæmanlegt, hvað þá þegar netið er komið inn í jöfnuna.

„Við leggjum til að sænska leiðin verði farin, það er að segja að áfengisauglýsingar verði leyfðar, en þá með skýrum reglum um það hvernig markaðssetning og kynning fer fram. Í dag gerir íslensk löggjöf ráð fyrir að áfengisauglýsingar séu ekki til og þarafleiddandi eru engar reglur eða viðmið um hvernig þær eigi að vera,“ segir Ólafur.

Félagið hefur unnið drög að ítarlegum siðareglum um markaðssetningu áfengis hérlandis sem siðanefnd á vegum félagsins myndi sjá um að framfylgja gagnvart framleiðendum og innflytjendum áfengis. Svo eitthvað sé nefnt er lagt til í drögunum, sem kynnt hafa verið allsherjar- og menntanefnd Alþingis, að í áfengisauglýsingum séu skýr skilaboð um skynsamlega meðferð áfengis dryggja. Áfengisauglýsingar verði bannaðar eftir tiltekinn tíma, t.d. snemma um helgar. Þá megi ekki birta slíkar auglýsingar á skemmtunum þar sem aðalmarkhópur eru börn og ekki megi í markaðsefni gefa til kynna að neysla áfengis sé ástæða velgengni í einkalífi, starfi, íþróttum eða öðrum vettvangi. Siðanefndin yrði skipuð



Morgunblaðið/Júlíus

Jafnræði Íslendingar sjá auglýsingar frá erlendum áfengisframleiðendum bæði á netinu, sjónvarpi og blöðum. Ölgerðin vill breytingar.

þremur mönnum, þar af tveimur ótengdum FA, og formanni félagsins. Ólafur nefnir fulltrúa frá blaðamannastéttinni og auglýsingastofum sem dæmi um ótengda aðila. Nefndin myndi hafa heimild til að sekta aðila sem brjóta gegn reglunum og rynnna peningarnir til forvarnarmála.

Vilja sitja við sama borð

Ölgerðin segir í svari við fyrirspurn Morgunblaðsins um áfengisauglýsingar, að löggjafinn hafi vanrækt það að bregðast við nýju landslagi og breyttum tímum.

„Netvæðingin og samfélagsmiðlar hafa umturnað þessu umhverfi en eftir situr sama gamla löggjöfin. Það er ljóst að um allan heim eru aðilar að fjalla um áfengi á netinu og samfélagsmiðlum. Þessi umfjöllun er aðgengileg á Íslandi eins og annars staðar. Þarna er m.a. fjallað um vörur sem seldar eru á Íslandi og meira að segja vörur sem eru framleiddar á Íslandi. Allir þessir aðilar starfa í alþjóðlegu umhverfi og í góðri trú. Nauðsynlegt er fyrir íslenska aðila, sem hyggja til að mynda á útflutning á vörunum, að sitja við sama borð og erlendir framleiðendur, enda gerir Facebook ekki greinarmun á íslenskum og erlendum vörum.“

ÁHRIF BANNSINS

Dregur úr möguleikum

Samtök iðnaðarins telja brýnt að fram fari heildarendurskoðun á áfengislöggjöfinni með tilliti til áfengisauglýsinga. „Það er einfaldlega þannig að íslenskir áfengisframleiðendur, þá sérstaklega litlir aðilar á markaðnum, standa höllum fæti í samkeppni við erlenda framleiðslu af þeirri einföldu ástæðu að þeir mega ekki kynna vöruna sína á meðan auglýsingaefni um erlenda framleiðslu streymir til landsins m.a. í gegnum vefmiðla, erlend tímarit og sjónvarpsefni. Núverandi löggjöf dregur þó ekki adeins úr möguleikum íslenskra framleiðenda til að markaðssetja vöru sína hérlandis heldur jafnframt hefur áhrif á markaðssetningu vörunnar á erlendri grundu,“ segja samtökin í svari við fyrirspurn frá Morgunblaðinu.



Ólafur Stephensen